

Eftirlit - Hættulegar vörur til þvífa bifreiða - AB varahlutir ehf.

| | |
|---------------------------------|---|
| Dagsetning | 11.4.2022 |
| Fyrirtæki | AB varahlutir ehf. |
| Heimilisfang | Funahöfða 9, 110 Reykjavík |
| Kennitala | 6910962899 |
| Starfsemi | Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla |
| Eftirlitsstaður | Húsasmiðjan, Vínalandsleið 1, 113 Reykjavík |
| Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi | Sigurður Svavarsson |
| Eftirlitsmenn | Fífa Konráðsdóttir og Bergdís Björk Bæringsdóttir |
| Tegund eftirlits | Efnaeftirlit |
| Tengiliður fyrirtækis | Arnar Már Þorsteinsson |

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með efnavöru hjá verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti þann 11.4.2022. Skoðuð var efnavaran, Förch Aluminium – Schmierpaste (250 g) sem AB varahlutir ehf. bera ábyrgð á markaðssetningu á. Varan reyndist ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)².

MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til

¹ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

² Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

Eftifarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðan-greindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birger er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörukenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklífða (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörunarorð (*Varúð eða Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarmerkingsar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkjja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.


| Rúmmál umbúðanna | Stærð merkimiðans (mm) | Stærð hvers hættumerkis (mm) |
|--|----------------------------|---|
| ekki umfram 3 lítra | a.m.k. 52 × 74, ef unnt er | ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er |
| meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar | a.m.k. 74 × 105 | a.m.k. 23 × 23 |
| meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar | a.m.k. 105 × 148 | a.m.k. 32 × 32 |
| meira en 500 lítrar | a.m.k. 148 × 210 | a.m.k. 46 × 46 |

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.³

ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er a finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skyt er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturhrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).
- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).



Mynd 1: Myndin sýnir hvernig mæla skal stærð merkis í samræmi við upplýsingar í töflu 1. Málin á myndinni eiga við ílát að rúmmáli 50 til 500 lítra.

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

ÁPREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um ápreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skyt er að setja ápreifanlega viðvörun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturhrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturhrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunararfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökkvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).

Ápreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum

ÖRYGGISBLÖÐ

Um öryggisblöð er fjallað í 30. gr. efnalaga nr. 61/2013, 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 og 31. gr. REACH. Kröfur um samantekt öryggisblaða er að finna í II. viðauka við REACH með síðari breytingum.

³ Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF):
https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65

Öryggisblöð skulu fylgja efnavörum sem flokkast sem hættulegar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna⁴. Þau skulu vera á íslensku eða ensku (athugið að þrátt fyrir að í 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 segi að einungis sé heimilt að öryggisblöð séu á íslensku heimila efnalög einnig að blöðin séu á ensku). Kröfur um innihald og snið öryggisblaða eru settar fram með ítarlegum hætti í II. viðauka við REACH. Aðgengilegast er að nálgast viðaukann með síðari breytingum á íslensku í þýðingu reglugerðar (ESB) 2020/878 á vef EFTA.⁵ Í þessari nýjustu útgáfu II. viðauka við REACH hafa kröfur verið auknar en um að má lesa nánar á vef Umhverfisstofnunar.⁶ Öryggisblöð sem standast kröfur eldri útgáfu viðaukans, sem nálgast má í reglugerð (ESB) 2015/830⁷, mega vera í dreifingu þar til 31. desember 2022. Eftir það verða öll öryggisblöð að uppfylla nýjustu kröfur.

Öryggisblöð eiga að gera lesanda þeirra grein fyrir hættu sem stafar af efni eða blöndu og upplýsa um örugga geymslu, meðhöndlun og förgun efnisins eða blöndunnar. Öryggisblöð skulu vera í 16 liðum með mismögum undirliðum eins og nánar er útlistað í framangreindum viðauka. Meðal þess sem koma skal fram í öryggisblöðum er:

- upplýsingar um viðeigandi og tilgreinda notkun efnisins eða blöndu og notkun sem ráðið er frá (liður 1.2),
- símanúmer Eitrunarmiðstöðvar LSH (liður 1.4),
- flokkun efnisins eða blöndunnar skv. flokkunarviðmiðum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (liður 2.1),
- merkingaratriði í samræmi við flokkunina sem birta skal á umbúðum vörurnar (liður 2.2),
- ýmsar upplýsingar um innihaldsefni í tilfelli efnablandna (liður 3.2),
- viðeigandi persónuhlífar við vinnu með vöruna (liður 8.2.)
og margt fleira.

Fyrir heildarlýsingu krafna til innihalds öryggisblaða vísast sem fyrr segir í II. viðauka við REACH. Í þessu eftirliti voru öryggisblöð rýnd með tilliti til krafna hvað varðar liði 1, 2, 3 og 16 með undirliðum sbr. nánari útlistun að neðan.

Eftifarandi atriði skulu koma fram í öryggisblöðum í viðeigandi undirliðum eins og viðaukinn mælir fyrir um. Athugið að hér er aðeins útlistaður sá hluti krafanna sem tekinn var til skoðunar í þessu eftirlitsverkefni og að einungis er fjallað um kröfur sem snúa að efnablöndum þar sem umfang eftirlitsins nær ekki til hreinna efna.

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni í samræmi við kröfur CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Merkingar*.

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndu og notkun sem ráðið er frá. Hér skal koma fram stutt lýsing á fyrirhugaðri notkun efnisins/blöndunnar (dæmi: *hreinsiefni fyrir gler og plast*) og hér skal birgirinn taka fram hvaða notkun hann mælir gegn og ástæður þess eftir atvikum. Skrá yfir notkun sem mælt er gegn þarf ekki að vera tämandi.

⁴ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

⁵ Íslensk þýðing II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) á vef EFTA:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32020R0878.pdf>

⁶ Um nýjar kröfur varðandi öryggisblöð á vef Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/nýjar-krofur-vardandi-oryggisblod>

⁷ Eldri gerð II. viðauka við REACH á vef EFTA:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32015R0830.pdf>

- 1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins.** Undir þessum lið skulu koma fram fullt heimilisfang og símanúmer birgisins, auk tölvupósts þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu. Birgir getur í þessu samhengi vísað til framleiðanda, innflytjanda, staks fulltrúa, eftirnotanda eða dreifingaraðila.
- 1.4 Neyðarsímanúmer.** Á öryggisblöðum skal koma fram símanúmer Eitrunarmiðstöðvar Landspítala: 543 2222. Til viðbótar má gefa upp almenna neyðarnúmerið 112, en það getur ekki komið í stað símanúmers Eitrunarmiðstöðvar.

2. LIÐUR: Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar.** Hér skal koma fram flokkun blöndunnar í samræmi við CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Flokkun*.
- 2.2 Merkingaratriði.** Undir þessum lið skal tilgreina merkingaratriði í samræmi við ákvæði CLP og hættuflokkun blöndunnar. Hér skulu því koma fram: hættumerki, viðvörunarorð, hættusetning eða -setningar og varnaðarsetning eða -setningar eftir því sem við á. Nánari útlistun á merkingaratriðum má sjá hér að ofan undir kaflanum *Merking*.
- 2.3 Aðrar hættur.** Hér skal upplýsa um hvort blandan uppfyllir viðmið um svokallaða PBT-eiginleika (þ.e. inniheldur efni sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð) eða vPvB-eiginleika, (þ.e. inniheldur efni sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli). Hér skal einnig veita upplýsingar um aðrar hættur sem ekki teljast til flokkunareiginleika en geta átt þátt í þeim heildarhættum sem stafa af blöndunni.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

- 3.2 Blöndur.** Athugið að undirfyrirsögnin 3.1 *Efni* er sú eina sem heimilt er að sleppa í öryggisblöðum fyrir efnablöndu. Þegar um hrein efni er að ræða er sá liður notaður en þessum lið, 3.2 *Blöndur*, sleppt í staðinn. Undir þessum lið skulu koma fram margvíslegar upplýsingar varðandi tiltekin innihaldsefni blöndunnar. Birgjum er heimilt að skrá upplýsingar um öll efnin í blöndunni ef þeir kjósa svo en skylt er að veita upplýsingar um ákveðin innihaldsefni sem hér segir.

- Ef blandan flokkast sem hættuleg:
 - efni sem flokkast sem hættuleg ef styrkur þeirrar er meiri en ýmis styrkleikamörk sem tilgreind eru nánar í lið 3.2.1.a) í A-hluta II. viðauka við REACH
 - efni sem falla undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum sbr. reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum
 - efni með PBT- eða vPvB-eiginleika sbr. framangreint eða sem eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)
- Ef blandan flokkast ekki sem hættuleg:
 - efni sem eru í blöndunni í styrk sem nemur 1% miðað við þyngd í blöndum sem ekki eru loftkenndar og 0,2% miðað við rúmmál í loftkenndum blöndum ef viðkomandi efni
 - er hættulegt heilbrigði manna eða umhverfi í skilningi CLP
 - fellur undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum
 - efni í blöndunni í styrk sem nemur 0,1% ef þau búa yfir PBT- eða vPvB-eiginleikum sbr. framangreint eða eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)

Fyrir framangreind innihaldsefni skal skrá:

- Heiti efnisins
- REACH skráningarnúmer
- EB-númer (e. EC number) ef það liggur fyrir
- Styrk með

- a) nákvæmum hundraðshlutum af massa eða rúmmáli í lækkandi röð, ef tæknilega mögulegt,
- b) hundraðshlutabilum af massa eða rúmmáli í lækkandi röð, ef tæknilega mögulegt. Ef notuð eru hundraðshlutabil skal hættuflokkun blöndunnar miðast við hæsta styrk hvers innihaldsefnis.
- Flokkun efnisins skv. CLP, þ.m.t. kóða fyrir hættuflokk eða -flokk og undirflokk eða -flokk og hættusetningar eða kóða þeirra. Ef notaður er kóði setninganna skal vísa í 16. lið öryggisblaðsins og skrá þar orðréttan texta hverrar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið hættuflokkast ekki skal leggja fram ástæðu þess að efnið er tilgreint í lið 3.2.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Hér skulu koma fram aðrar upplýsingar sem ekki eru teknar með í 1. til 15. lið t.a.m. um endurskoðun öryggisblaðsins. Meðal þess sem koma skal fram undir þessum lið er:

- Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu ef um endurskoðað öryggisblað er að ræða og, ef við á, skýringar á breytingunum nema greint hafi verið frá þeim annars staðar í blaðinu.
- Orðréttur heildartexti hættu- og/eða varnaðarsetninga sem vísað hefur verið til annars staðar í öryggisblaðinu hafi þær ekki veriðritaðar fullum fetum í 2. til 15. lið.
- Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn.
- Í tilfelli blöndu skal tilgreina hvaða aðferð var notuð við að hættuflokk blönduna.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 11.4.2022, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með efnavörum, nánar tiltekið hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort flokkun og merkingar vörunnar sem féll undir umfang eftirlits væri í samræmi við nágildandi reglugerðir og hvort umbúðir vörunnar uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vöruna samræmist kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldin vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

| Vara | Strikamerki |
|--|-----------------------------------|
| Förch Aluminium – Schmierpaste (250 g) | 4028203650217 (Vörunr. 6510 5021) |

Varan er hita- og þrýstibolin koppafeiti.

FRÁVIK⁸

| Vara | Lýsing | Birgir ⁹ |
|------|--------|---------------------|
| | | |

⁸ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

⁹ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

| | | |
|------------------------------|---|--|
| Fürch Aluminium Schmierpaste | <p>1. Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. <i>Vörukenni</i> sbr. c)-lið 1. mgr. 17. gr. en vörukenni fyrir efnablöndu skal, auk viðskiptaheitis vörunnar, innihalda <i>auðkenningu þeirra efna sem hafa áhrif á flokkun hennar</i> að því er varðar tiltekna hættuflokkka (m.a. húðætingu) sjá nánar í kaflanum um <i>Umfang</i>) sbr. b)-lið 3. mgr. 18. gr. b. <i>Viðvörunarorð</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr. c. <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. d. <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. <p>Öryggisblað</p> <p>Upplýsingar um Eitrunarmiðstöð (Poison Centre) og símanúmer hennar, 543 2222, vantar undir lið 1.4 í öryggisblaðinu.</p> | |
|------------------------------|---|--|

ÁBENDINGAR

Íslenskar merkingar

Umhverfisstofnun vill benda á að ef AB varahlutir ehf. merkir vörur með merkimiða á íslensku gerir það fyrirtækið að birgi varannna í skilningi efnalaga og þarf að merkja þær með nafni, heimilisfangi og símanúmeri, sbr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.

UFI-kóði

Við minnum á UFI-kóðann sem var innleitt sem merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2021, í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>

Nýjar kröfur um öryggisblöð frá 1. janúar 2023

Kröfum um innihald og snið öryggisblaða í II. viðauka við REACH var breytt með reglugerð (ESB) 2020/878. Til loka árs 2022 er heimilt að dreifa öryggisblöðum sem uppfylla kröfur eldri útgáfu II. viðauka sem birt var í reglugerð (ESB) 2015/830. **Frá 1. janúar 2023 skulu öll öryggisblöð uppfylla nýju kröfurnar.** Lesið nánar um þetta á vef Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/nyjar-krofur-vardandi-oryggisblod>

Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>

Reykjavík, 14.7.2022

Fífa Konráðsdóttir